

**Sp.**

**1022. Breytingartillaga**

[286. mál]

við till. til þál. um úrbætur í ferðaþjónustu.

Frá atvinnumálanefnd.

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta gera úttekt á aðstöðu til ferðaþjónustu á helstu ferðamannastöðum í einstökum landshlutum. Úttektin skal m.a. ná til gistiðstöðu, veitingaþjónustu, samgangna, leiðsögu og leiðamerkinga, eftirlits, aðgangs að áhugaverðum stöðum, upplýsingaþjónustu og hreinlætisaðstöðu. Á grundvelli slíkrar úttektar skal gerð áætlun um úrbætur.

Verk þetta skal unnið í samráði við ferðamálasamtök landshlutanna.